

Umhverfisstofnun
Hildur Vésteinsdóttir,
teymisstjóri
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. apríl 2019

2019020030/41-2

TB

tb

Áform um friðlysingu jarðarinnar Dranga á Ströndum

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 18. febrúar sl., þar sem vakin er athygli Náttúrufræðistofnunar Íslands á áformum um að friðlýsa jörðina Drangar. Um jörðina segir á heimsíðu Umhverfisstofnunar: „Land jarðarinnar er að langmestu leyti óbyggð víðerni. Landslag er tilkomumikið, jarðfræði fjölbreytileg, gróðurfar sérstakt og náttúrufegurð almennt mikil á svæðinu. Dalir og hvilftir eru grafnar af jöklum ísaldar í almennt einsleitan og mjög reglulegan jarðlagastafla. Á milli basalthraunlaga eru rauðleit setlög, oftast forn jarðvegur að uppruna. Víðernisupplifun er mikil og svæðið nær óraskað. Svæðið er hluti af víðáttumesta, samfellda óbyggða víðerni á Vestfjörðum.“

Náttúrufræðistofnun styður framangreind áform um friðlysingu jarðarinnar Drangar. Jafnframt vill stofnunin benda á að jörðin er hluti af svæði, Drangajökull, sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til að fari á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, B-hluta. Nánari upplýsingar um það svæði má finna hér: <https://ni.is/node/21668> og í kortasjá sem vísað er til. Í tillögum Náttúrufræðistofnunar kemur einnig fram mikilvægi svæðisins sem víðerni en um forsendur fyrir tillögunni segir m.a.: „Nokkrar nýlegar jarðfræðirannsóknir frá svæðinu benda til talsverðs vísindalegs gildis svæðisins, sérstaklega fyrir jöklunarsögu, fornloftlagssögu og umhverfissögu landsins. Óvenju margir vel varðveittir fornir jökulgarðar finnast á láglendi í Grunnnavíkurhreppi. Gott aðgengi að mjög virku og nokkuð sérstöku landmótunarumhverfi í Kaldalóni, beintengt skriðjökli í Kaldalóni. Mikil víðernisupplifun og svæðið nær óraskað.“ Vonandi nýtast framangreindar upplýsingar og heimildir sem vísað er til í tillögunni við frekari vinnslu á friðlysingu jarðarinnar.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson
forstöðum. vistfræði- og ráðgjafardeildar

